

Fréttabréf

stéttarfélaganna í Þingeyjarvæslum



Forsíðumyndin



Forsíðumyndin er tekin af Brynjari Víkingssyni og páfagauk sem var í heimsókn hjá honum í vor. Eins og sjá má fór vel á með þeim. Myndina tók Aðalsteinn Á. Baldursson

Samið við Árbót



Ingvaldur Árnadóttir trúnaðarmaður starfsmanna og Snæfríður Njáladóttir takast í bend-
ing eftir undirritun kjarasamnings milli Meðferðarheimilisins Árbótar og Verkalýðsfélags
Húsavíkur. Samningurinn var undirritaður á Skrifstofu stéttarfélaganna 16. júní s.l.

Verkalýðsfélag Húsavíkur hefur gert kjarasamning við Meðferðarheimilið Árbót ehf. sem er með ört vaxandi starfsemi. Samningurinn gildir frá 1. maí til 30. nóvember 2008 og eru hækkanir í honum

sambærilegar við aðra kjarasamninga sem gengið hefur verið frá að undanförunu. Samningurinn hefur þegar verið samþykktur af starfsmönnum í atkvæðagreiðslu.



Aðalfundur Verkalýðsfélags Þórshafnar var baldinn 7. maí sl. Rekstur félagsins gekk vel á síðasta starfsári. Tekjuafgangur ársins var 1.2 milljónir, eignir eru kr. 24,7 milljónir og skuldir engar. Bætur og styrkir greiddir úr sjóðum félagsins voru 2.4 milljónir. Vel var mætt á aðalfundinn og umræður gagnlegar. Á myndinni má sjá Svölu Sævarsdóttur bókara félagsins kynna ársreikninginn. Með benni á myndinni eru Hulda og Sigríður sem báðar eru í stjórn félagsins.

Fréttir af aðalfundi VÖ



Góð mæting var á aðalfund Verkalýðsfélags Öxarfjarðar sem baldinn var í Skúlagarði.

Aðalfundur Verkalýðsfélags Öxarfjarðar var haldinn í lok apríl í Skúlagarði. Félagsmenn eru 115 og hafði fjölgað aðeins milli ára. Starfsemi félagsins var með líku sniði og undanfarin ár. Félagið er með samning við Skrifstofu stéttarfélaganna á Húsavík um skrifstofuhald og aðra þjónustu fyrir félagið og félagsmenn. Félagsgjöld og iðgjöld námu kr. 4.447.348 á árinu 2004. Á árinu nutu 19 félagsmenn greiðslna vegna veikinda/slysa og endurhæfingar frá sjúkrasjóði

félagsins, samtals kr. 675.953,-. Samkvæmt rekstrar- og efnahagsreikningi allra sjóða félagsins nam hreinn tekjuafgangur félagsins kr. 2.666.518 og eigið fé í árslok nam kr. 38.852.359,-. Félagið tók þátt í gjöf sem stéttarfélagin sem aðild eiga að Skrifstofu stéttarfélaganna gáfu Hvammi, heimili aldraðra. Um var að ræða baðkar sem kostaði kr. 650.000,-. Hlutur félagsins var kr. 50.000,-. Á fundinum var Olga Gísladóttir endurkjörin formaður félagsins.



Verkalýðsfélag Þórshafnar beldur uppi öfluga félagsstarfi og belt í því sambandi trúnaðarmannanámskeið um miðjan maí á Þórshöfn. Námskeiðið var vel sótt og tókst í alla staði mjög vel. Kennari var Haukur Harðarson.

**Skrifstofa stéttarfélaganna verður opin í
sumar frá kl. 08:00 til 16:00.
Opíð er í hádeginu.**



Þessir ungu drengir á Raufarböfn létu kalt veður ekki bafa ábrif á sig þegar þeir fengu sér sundsprett í tjörninni á Raufarböfn sem nefnist Kottjörn.



Við Hótel Norðurljós hefur verið komið upp litilli tjörn fyrir endur. Að sögn Erlings bótelstjóra hefur fuglalíf á tjörninni vakið töluverða athygli erlendra ferðamanna og bafa þeir tekið fjölmargar myndir af lífinu við tjörnina. Þessi framkvæmd sannar að það þarf ekki alltaf að fara í stórfraðkvæmdir til að vekja ábúga ferðamanna.

Konum í Þingiðn fjölgaði um 100%

Á síðasta stjórnarfundum Þingiðnar, félags iðnaðarmanna í Þingeyjarsýslum var samþykkt inngöngubeiðni frá Eydísi Kristjánsdóttur sem er húsasmiður. Fyrir í félaginu var ein kona Svandís Sverrisdóttir sem einnig er húsasmiður.

smiður. Konum í félaginu fjölgaði því um 100%. Félagsmenn í Þingiðn eru tæplega eittundrað. Þrátt fyrir að konurnar séu aðeins tvær í félaginu gefa þær körlunum ekkert eftir enda báðar miklar kjarnakonur.

Fellihýsi til sölu



Verkalýðsfélag Húsavíkur auglýsir til sölu Camplite fellihýsi SL 1906, 10 feta langt, árgerð 1997.

Fellihýsið er dregið út á þrjá vegu.

Allar nánari upplýsingar veitir Ágúst í síma 464-6600.



Stúlnakór Húsavíkur fór nýlega í söngferð til útlanda. Stéttarfélagin á Húsavík styrktu ferðina um kr. 50.000. Stúlnakórinn undir stjórn Hólmfríðar Benediktsdóttir kom fram á bátíðarböldunum 1. maí og vakti söngur kórsins töluverða athygli. Ljóst er að Hólmfríður hefur verið að gera mjög góða bluti í kórstarfi á Húsavík og er mikill fengur bafa slíka listamenn í tónlistarlífinu á Húsavík.

Góðir gestir í heimsókn



AFL, starfsgreinafélag Austurlands stóð fyrir helgarferð í júní til Húsavíkur með viðkomu í Mývatnsveit. Um fjórutíu félagsmenn tóku þátt í ferðinni. Á Húsavík skoðuðu þeir söfn og fengu fræðslu um starf-

semi Verkalýðsfélags Húsavíkur sem jafnframt bauð gestum upp á kaffiveitingar. Austanmenn voru mjög ánægðir með ferðina og þökkðu Þingeyingum fyrir góðar móttökur.



Fjölmenni samankomið í Félagsheimilinu

Fjölmargir lögðu leið sína í Félagsheimili Húsavíkur á baráttudegi verkafólks 1. maí þar sem fjölmargir skemmtikraftar komu fram. Hátíðarræðu dagsins hélt Vignir Eypórsson varaformaður Samiðnar. Myndirnar tala sýnu máli um þá stemmingu sem var ríkjandi á hátíðarhöldunum.






A white and orange motorboat is shown from a side-on perspective, moving quickly across the water. The boat has a white hull with an orange stripe and a red flag flying from the stern. It is creating a large, white, foamy wake behind it. The water is a deep blue, and the background shows a hazy coastline under a cloudy sky.

Allir bátaeigendur á Húsavík voru hvattir til að taka þátt í fjöldsaglingu á sjómannaðaginn til að minnast þess að nú í sumar verða 100 ár liðin frá komu fyrsta mótorbátsins til Húsavíkur. Ekki þarf að fara mörgum orðum um það hversu mikilli byltingu mótorbátar öllu í veiðum þingeyskra sjómanna og þar með lífsafkomu fólks á Húsavík sem og annars staðar í sjávarplássum á Íslandi. Vélvæðing fiskiskipaflotans og síðar fiskvinnslunnar átti hvað stærstan hlut í því að breyta íslensku samfélagi úr því fátækasta í Evrópu í byrjun 20. aldar í eitt það ríkasta í heiminum tæpri öld síðar. Þessa sögu er hægt að upplifa í okkar frábæra sjómínjasafni á Húsavík.



SPARISJÓÐUR
ÞÓRSHAENAR OG NÁGRENNIS



Fréttatilkynning

Vegna aðalfundar Verkalýðsfélags Húsavíkur

Í fréttum er þetta helst.....

Aðalfundur Verkalýðsfélags Húsavíkur var haldinn sunnudaginn 24. apríl 2005. Samkvæmt ársreikningum félagsins stendur félagið á sterkum grunni og hagnaður varð af öllum sjóðum félagsins. Félagsmenn eru 1.136 og fjölgaði milli ára.

Samþykkt var að hafa félagsgjaldið óbreytt árið 2005 það er 1% af launum sem er með því lágsta sem gerist hjá sambærilegum stéttarfélögum innan Starfsgreinasambands Íslands á Norður- og Austurlandi.

af 78 karlar og 122 konur. Skráðir atvinnuleysisdagar voru 11.021 og greiddir dagar voru 10.495. Samtals greiðslur í atvinnuleysisbætur fyrir árið 2003 með mótfamlagi í lífeyrissjóð voru 30.431.817. Færri félagsmenn komu inn á skrá 2004 sé miðað við árið 2003.

Alls nutu 233 félagsmenn bóta frá sjúkrasjóði félagsins á árinu. Samtals námu greiðslur vegna sjúkradagpeninga, annarra sjúkrabóta og styrkja kr. 9.818.873 sem er 52% hækkun frá fyrra ári. Þar munar mestu að félagið hækkaði verulega flestar bótafjárhæðir til félagsmanna á síðasta ári sem



Alls fengu 176 félagsmenn atvinnuleysisbætur á árinu 2004. Þar af 79 karlar og 97 konur. Skráðir atvinnuleysisdagar voru 10.964 og greiddir dagar voru 11.633. Samtals greiðslur í atvinnuleysisbætur fyrir árið 2004 voru 35.706.044,- alls með mótfamlagi í lífeyrissjóð 37.836.827. Til samanburðar má geta þess að árið 2003 þáðu 200 félagsmenn atvinnuleysisbætur. Þar

tryggir félagsmönnum ein bestu réttindi sem þekkjast innan aðildarféлага Starfsgreinasambands Íslands.

Á síðasta ári fengu félagsmenn greiddar 2.278.313,- í einstaklingsstyrki vegna námskeiða sem þeir fóru á. Samtals fékk 151 einstaklingur greiddan styrk, það er 114 konur og 37 karlar. Athygli

vekur hvað konur eru duglegar að sækja sér starfsmenntun m.v. karla. Aðild Verkalýðsfélags Húsavíkur að fræðslusjóðnum Landsmennt gerir félagsmönnum kleift að fá þessar greiðslur til tómtunda- og starfstengdra námskeiða.

Samþykkt var að stórhækka framlög til starfsmenntunarmála og auka rétt félagsmanna til styrkja vegna starfstengdra námskeiða, tómtundanámskeiða og meiraprófs um 100% frá og með næstu áramótum. Samkvæmt þessari samþykkt eiga félagsmenn rétt á allt að 70.000,- króna endurgreiðslu vegna starfstengdra námskeiða, 20.000,- króna endurgreiðslu vegna tómtundanámskeiða og 85.000,- króna endurgreiðslu vegna meiraprófsnámskeiða. Hér er átt við sameiginlegan rétt úr Fræðslusjóðnum Landsmennt og fræðslusjóði Verkalýðsfélags Húsavíkur.

Á síðasta ári dvöldu 153 félagsmenn ásamt fjölskyldum sínum, í

orlofshúsum, fellihýsum, tjaldvögnum og á hótelum á vegum félagsins. Sú mikla aðsókn sem verið hefur í orlofshús og í aðra möguleika sem félagið hefur boðið upp á í orlofsmálum er ekki síst tilkomin vegna þess að félagið niðurgreiðir leiguna verulega fyrir félagsmenn. Þá dvöldu 113 félagsmenn ásamt fjölskyldum í íbúðum félagsins í Reykjavík.

Félagið heldur úti frétt- og upplýsingavef www.vh.is. Ásamt aðildarfélögum Skrifstofu stéttarfélaganna. Fjölmargir heimsækja síðuna daglega. Auk þess gefa félögin reglulega út Fréttabréf sem ætlað er að miðla upplýsingum út til félagsmanna.

Á fundinum kom fram almenn ánægja með starfsemi félagsins sem er með öflugri stéttarfélögum innan Alþýðusambands Íslands. Formaður félagsins, Aðalsteinn Á. Baldursson var endurkjörinn formaður félagsins. Hann hefur verið formaður félagsins frá árinu 1994.



Ódýrir miðar í göngin - aðeins fyrir félagsmenn -

Miðar í Hvalfjarðargöngin eru til sölu á Skrifstofu stéttarfélaganna á sérstökum kjörum fyrir félagsmenn. Rétt er að taka fram að aðeins félagsmenn eiga rétt á að kaupa miðana á þessum kjörum. Hver miði kostar kr. 600 í stað kr. 1.000 sé miðinn keyptur í Hvalfjarðargöngunum. Það borgar sig því fyrir félagsmenn að koma við á Skrifstofu stéttarfélaganna sé förinni heitið á suðurlandið. Miðarnir eru einnig til sölu hjá Agnesi Einarsdóttur í Mývatnssveit, Olgu Gísladóttur í Öxarfirði og Svövu Árna á Raufarhöfn.

Félagsmenn samþykkja kjarasamning



Stíflundarböld hafa verið í búsnæði ríkissáttasemjara í Reykjavík síðustu vikurnar vegna kjarasamnings starfsmanna sveitarfélaga og Launanevndar sveitarfélaga. Stefán Stefánsson formaður Starfsmannafélags Húsavíkur hefur tekið þátt í viðræðunum fyrir bönd félagsins. Hér er hann á tali við Hjördísi Þóru Sigurþórsdóttir sem er formaður Vökuls, stéttarfélags á Höfn í Hornafirði.

Félagsmenn í Starfsmannafélagi Húsavíkur sem starfa hjá Húsavíkurbæ hafa samþykkt nýgerðan kjarasamning sem félagið er aðili að við Launanevnd sveitarfélaga. Félagið hélt kynningarfund fyrir nokkrum dögum þar sem samningurinn var tekinn til afgreiðslu.

Skrifstofa stéttarfélaganna verður opin í sumar frá kl. 08:00 til 16:00.

Opið er í hádeginu.

Samið fyrir starfsmenn Landsvirkjunar

Kjarasamningur Starfsgreinasambands Íslands við Landsvirkjun vegna Afstöðva sem Verkalýðsfélag Húsavíkur er aðili að hefur verið samþykktur. Á kjörskrá voru

31 - Atkvæði greiddu 17, eða 54,8% - Allir seðlar voru gildir. Já sögðu 15 eða 88,2% Nei sögðu 2 eða 11,8%



Formaður Verkalýðsfélags Húsavíkur afbenti Sjálfsbjörg Landssambandi fatlaðra smá styrk frá félaginu þegar Kjartan Jakob Hauksson kom til Húsavíkur 23. júní sl. eftir að hann hafði róðið frá Siglufirði. Kjartan hefur undanfarið róðið umbverfis Ísland til að safna fé til hjálparliðasjóðs Sjálfsbjargar. Vel var tekið á móti Kjartani þegar hann kom til Húsavíkur.



Kokkur í klæðum. Börkur Emilsson var mættur niður á bryggju þegar Kjartan Jakob Hauksson, sægarður, reri inn í Húsavíkurböfn.

Jónas endurkjörinn formaður Áhugaverðar upplýsingar

Aðalfundur Þingiðnar var haldinn 2. júní sl. Samkvæmt ársreikningum félagsins stendur félagið vel og hagnaður varð af öllum sjóðum félagsins. Jónas Kristjánsson starfsmaður Bílaleigu Húsavíkur var endurkjörinn formaður félagsins. Á fundinum voru samþykktar nokkrar lagabreytingar á félagslögum og reglugerð sjúkra-sjóðs. Þá voru nýjar reglur um ritun fundargerða samþykktar samhjóða. Ákveðið var að gefa félagsmönnum pakkpoka að gjöf sem þeir geta nálgast á Skrifstofu stéttarfélaganna.



Jónas Kristjánsson, formaður Þingiðnar.



Hluti fundarmanna á aðalfundi Þingiðnar.

Samið fyrir starfsmenn sveitarfélaga

Stéttarfélagin í Þingeyjarsýslum, Verkalýðsfélag Húsavíkur, Verkalýðsfélag Þórshafnar og Verkalýðsfélag Öxarfjarðar hafa gengið frá kjarasamningi við Launaneft sveitarfélaga sem undirritaður var 29. maí 2005. Félagin stóðu að samningagerðinni ásamt flestum

aðildarfélögum Starfsgreinasambands Íslands. Samningurinn hefur þegar verið kynntur fyrir félagsmönnum sem jafnframt hafa samþykkt samninginn sem gildir til 30. nóvember 2008. Kjarasamningurinn færir starfsmönnum sveitarfélaga töluverðar kjarabætur.

Orlofskostir sumarið 2005

Nokkuð færri umsóknir bárust um dvöl í sumarhúsum en síðustu ár. Útleiga orlofshúsa hefur þó gengið ágætlega það sem af er sumri. Nokkrum vikum er þó enn óráðstafað t.d. á Héraði, Illuga-stöðum og í Borgarfirði. Áhugasamir eru hvattir til að setja sig í samband við Skrifstofu stéttarfélaganna í síma 464-6600.

Félagsmönnum stendur áfram til boða gisting á Edduhótelum og

Farfuglaheimilum. Gisting fyrir tvo og börn þeirra kostar kr. 3.500 fyrir nóttina m.v. herb. með handlaug. Fyrir gistingu á Farfuglaheimilum greiðast kr. 1.500 m.v. fullorðin í eina nótt.

Í sumar var tekinn upp sú nýbreytni að greiða niður gistingu félagsmanna á tjaldsvæðum. Niðurgreiðslan er kr. 4.000 fyrir fullgildan félagsmann sem greiðist gegn framvísun löglegs reiknings.

Á aðalfundi Verkalýðsfélags Húsavíkur sem haldinn var í lok apríl voru lagðar fram margar forvitnilegar upplýsingar s.s. varðandi þátttöku félagsmanna í stafsmenntun. Af þeim sem þáðu

styrki voru 75% konur og 25% karlar. Samtals greiðslur voru um 2,3 milljónir. Flestir sem fengu styrki voru á aldrinum 41-50 ára eða 31%. Næst flestir voru á aldrinum 51-60 ára eða 23%.



Jóna Björg Freysdóttir leikskólustjóri í Bjarnabúsi sést hér grilla fyrir börn og foreldra sem voru í beimsókn á leikskólanum á opnum degi þar sem verk barnanna voru til sýnis sem þau bafa unnið að í vetur. Þar mátti sjá mörg flott listaverk enda góður andi til listsköpunar í Bjarnabúsi.



Stjórn stéttarfélagssins Samstöðu ásamt mökum komu til Húsavíkur í lok maí í boði Verkalýðsfélags Húsavíkur. Á Húsavík var Orkuveita Húsavíkur skoðuð ásamt því sem gestirnir beimsóttu söfn og fjárbús formanns Verkalýðsfélags Húsavíkur þar sem gestum gafst kostur á að taka út fjárrækt formannsins. Gestirnir voru ekki tilbúnir að tjá sig um hvernig þeim litist á búskapinn og voru þöglulir þegar gengið var eftir svörum. Í lok dags komu stjórnir félaganna saman og grilluðu þingeytskt kjöt að sjálfsögðu. Heimsóknin tókst vel og er hið ný í að efla samstarf stéttarféлага á Norðurlandi sem er mjög mikilvægt.

Sjómannadagurinn

Hátíðarhöldin á sjómannadaginn á Húsavík fóru vel fram og tók ljósmyndari Fréttabréfsins nokkrar myndir um borð í Björgu Jónsdóttur ÞH af fólki sem fór í siglingu um Skjálfanda í góðu veðri. Sumir nutu þess að vera úti og virða fyrir sér fegurðina á Skjálfanda meðan aðrir sátu neðan bilja og nutu veitinga.



Frá aðalfundi Verslunarmannafélags Húsavíkur -námstyrkir vegna tölvunámskeiða auknir

Aðalfundur Verslunarmannafélags Húsavíkur var haldinn 30. maí s.l. Á fundinum var tekin ákvörðun um að hækka fæðingarstyrk til karla í félaginu og fá þeir nú jafn háan fæðingarstyrk og konurnar kr. 84.000. Jafnframt var ákveðið að auka námsstyrki vegna tölvunámskeiða næstu tvö ár. Því munu fullgildir félagsmenn eiga rétt á 100% styrk vegna tölvunámskeiða.

Á fundinum var Ágúst Óskars-

son endurkjörinn formaður félagsins og aðrir stjórnar- og varastjórnarmenn endurkjörnir. Ásamt Ágústi eiga þar sæti Anna Jónsdóttir, Hafliði Jósteinsson, Martha Dís Brandt og Laufey Marta Einarisdóttir. Í varastjórn sitja Aðalbjörg Ívarsdóttir, Brynja Pálsdóttir og Magnea Dröfn Arnardóttir. Rekstur félagsins gekk vel á síðasta starfsári og hagnaður varð af öllum sjóðum félagsins.

Séreignarlífeyrissparnaður -Lífeyrissjóður Norðurlands góður kostur

Góð afkoma og ávöxtun hefur verið hjá Séreignarsjóðum Lífeyrissjóðs Norðurlands. Vandfundnir eru sjóðir sem gefið hafa jafnari og betri ávöxtun frá því almennur séreignarsparnaður hóf göngu sína. Sveigjanleiki, góð og jöfn ávöxtun og lágur kostnaður eru aðalmerki sjóðsins, t.d. hefur ekki verið tekið gjald af þeim sem hefja eða hætta sparnaði hjá Séreignarsjóðum Lífeyrissjóðs Norðurlands. Ársávöxtun var af Safni I var 11% árið 2003, 14,9% árið 2004 og 9,4% það sem af er árinu 2005. Ávöxtun af Safni II var 13,1% árið 2003, 17% árið 2004 og

12,5% það sem af er árinu 2005.

Nýverið hafa stórar stéttir s.s. starfsmenn sveitarfélaga, sjómenn, kennarar og fleiri fengið þau réttindi í kjarasamningi sínum að launagreiðandi greiðir 2% mótframlag í séreignarsjóð, enda hafi starfsmaður gert samning um séreignarsparnað.

Skrifstofa stéttarfélaganna býður þessum launþegum og öðrum að koma í heimsókn og fá ráðgjöf um séreignarlífeyrissjóði. Þar er einnig hægt að gera samning um séreignarsparnað hjá Lífeyrissjóði Norðurlands.

Ferð til Tallin

Stéttarfélagin bjóða félagsmönnum og fjölskyldum þeirra upp á ferð til Tallin í Eistlandi í haust í samvinnu við Ferðaskrifstofuna Transatlantic. Flogið er beint frá

Akureyri til Eistlands. Mikill áhugi var meðal félagsmanna á ferðinni og allt stefnir í að um 140 Þingeyingar séu á leið til Tallin í haust.



Skeipskokekurinn og hafnarvörðurinn stinga saman nefjum á sjómannadaginn enda báðir þekktir fyrir skoðanir sínar. Ekki er ólíklegt að þeir séu að skipuleggja bátiðarböldin á sjómannadaginn enda bafa þeir báðir komið að undirbúningi bans á síðustu árum á Húsavík. Kokkurinn, Pétur Helgi Pétursson, befur nú skipt um starfsvettvang og mun fljótlega hefja störf á Hvammi, beimili aldraðra.

Orlofsuppbót

Orlofsuppbót á að greiðast þegar starfsmenn fara í orlof, en þó eigi síðar en 15. ágúst (1. júní hjá starfsmönnum ríkisins og 1. maí hjá sveitarfélögum). Mörg fyrirtæki hafa mótað sér þá reglu að greiða hana út í byrjun sumars, t.d. með launaútborgun 1. júní ár hvert.

Full orlofsuppbót er kr. 21.800 hjá almennu verkafólki, iðnaðarmönnum og starfsmönnum ríkis og sveitarfélaga og kr. 16.500 hjá afgreiðslu- og skrifstofufólki.

Uppbótin greiðst öllum sem voru í starfi í lok apríl 2005 í hlutfalli við starfshlutfall og starfstíma á orlofsárinu frá 1. maí 2004 – 30. apríl 2005.

Mikilvægt er að félagsmenn og launagreiðendur átti sig á réttindum sumarstarfsmenna, almennt eiga þeir rétt á orlofsuppbót í vor ef þeir störfuðu í 12 vikur eða meira á orlofsárinu (13 vikur hjá ríki og sveitarfélögum).

Starfsmenn sem fara í fæðingarorlof, hætta vegna veikinda eða aldurs fá einnig greidda hlutfallslega orlofsuppbót í samræmi við starfstíma og starfshlutfall. Hjá þessum aðilum er þó enginn áskilinn lágmarksstarfstími. Orlofsuppbót greiðist fyrir þá mánuði sem starfsmaður er í fæðingarorlofi.

Slysavarnaskóli sjómanna

Skólaskipið Sæbjörg verður á Húsavík 27. – 28. júní n.k. Boðið verður upp á 2ja daga endurmenntunarnámskeið í öryggisfræðslu. Aðeins þeir sem lokið hafa grunnnámskeiði í öryggisfræðslu eiga rétt á því að sækja þetta námskeið. Fram kemur í reglugerð um lögskráningu sjómanna að allir skipverjar skulu endurnýja öryggisfræðslu sína á 5 ára fresti. Skráning er í síma 562-4884.



Þegar þú kaupir gjaldeyri fyrir 20.000 kr. eða færð þér kreditkort fylgir falllegt ferðahandklæði!

Gæðir reiknaðir eftir endari.

100% sumar

Hafðu það gott í sumar ...

Íslandsbanki hvetur fólk til að njóta sumarsins og hafa ekki áhyggjur af fjármálunum. Við bjóðum fjölmargar leiðir sem stuðla að þægilegu og áhyggjulausu sumarfrii.

Þú færð nánari upplýsingar hjá þjónustufulltrúum í útibúum Íslandsbanka, í þjónustuveri í síma 440 4000 og á hbl.is.

... og mundu eftir handklæðinu!



ÍSLANDSBANKI | 100%

Stéttarfélögin greiða krabbameinsskoðun fyrir félagsmenn

Í vor stóð yfir regluleg krabbameinsleit hjá Heilbrigðisstofnun Þingeyinga. Rétt er að geta þess að stéttarfélögin í Þingeyjarsýslum greiða að fullu skoðungargjald fyrir

félagskonur sem er hluti af forvarnastarfi stéttarfélaganna. Stéttarfélögin vilja hvetja félagskonur til að fara í skoðun og fá endurgreitt frá félögum.

Stéttarfélögin auka framlög til Atvinnuþróunarfélagsins



Tryggvi Finnsson framkvæmdastjóri Atvinnuþróunarfélagsins ásamt stjórnarformanni félagsins Birni Ingimarssyni sjást hér ræða við Rafn Jónsson verksmiðjustjóra Hraðfrystistöðvar Þórsbafnar. Töluverður uppgangur hefur verið á Þórsböfn og eru menn almennt jákvæðir þar.

Nýlega sendi Atvinnuþróunarfélagið erindi til fyrirtækja og stéttafélaga í Þingeyjarsýslum með ósk um að fyrirtæki og stéttarfélög gerðu styrktarsamninga við starf Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga til næstu þriggja ára. Verkalýðsfélag Húsavíkur, Verslunarmannafélag Húsavíkur, Verkalýðsfélag Öxar-

fjarðar og Þingið hafa þegar tekið erindi Atvinnuþróunarfélagsins fyrir og samþykkt að auka framlög félagana til Atvinnuþróunarfélagsins. Með auknu framlagi stéttarfélaganna vilja þau leggja sitt að mörkum til að efla starfsemi Atvinnuþróunarfélagsins sem er mikilvægt á svæðinu.



Húsvíkingar leggja mikið upp úr því að bafa garðana sína fallega enda mikið um vel birta garða á Húsavík. Sigurbanna Sigfúsdóttir er ein af þeim sem lætur ekki sitt eftir liggja í að fegra sinn garð þrátt fyrir að aðstæður til þess hafi ekki verið með besta móti síðustu vikurnar þar sem frekar kalt hefur verið í veðri.



Að undanfögnu hefur nokkrum lóðum verið útblotað á Húsavík fyrir einbýlishús, raðhús og undir starfsemi fyrirtækja. Það er því óbætt að segja að lífnað hafi yfir byggingariðnaðinum á Húsavík að undanfögnu. Hér eru starfsmenn Trésmiðjunnar Reinar að vinna við nýbyggingu Norðursiglingar við Húsvíkurböfn.




Sveinbjörg Eva Jónnesdóttir hefur undanfarið starfað hjá Silkiprent og fámum á Þórsböfn sem nýlega fékk Hvatningarverðlaun Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga. Hér er Eva við störf á Þórsböfn.



Júlli og Gunna í Skúlagarði eru alltaf bress eins og myndin ber með sér. Þau reka saman ferðahjónustu í Skúlagarði í Keldubverfi og bafa gert það með miklum myndarskap á síðustu árum.

Frábær 6 ár

Aldrei neikvæð ávöxtun



Séreignardeild Lífeyrissjóðs Norðurlands var sett á laggimar í ársbyrjun 1999 og hefur árangur hennar reynst mjög góður. Boðið er upp á tvö söfn, Safn I og Safn II og á fyrstu 6 árum deildarinnar eða til ársloka 2004, var raunhækkun á Safni I 62,4% og 73,9% á Safni II. Þetta eru hækkarnir sem urðu á söfnunum umfram almennar verðlagshækkarnir á þessum 72 mánuðum. Þetta er athyglisverður árangur, því eins og flestum er kunnugt voru fjármálamarkaðir mjög erfiðir á stórum hluta þessa tímabils. Eignir einstaklinga í þessum söfnum hafa hækkað jafnt og þétt milli ára og ársávöxtun **hefur aldrei orðið neikvæð** á þessum tíma. Mikilvægt er einnig að benda á að kostnaði er stillt í hóf við rekstur deildarinnar; aðeins 0,5% af inneign er árlega ráðstafað til greiðslu á öllum kostnaði. Mjög litlum fjármunum er varið til auglýsinga. Frá síðustu áramótum og til loka apríl hækkaði gengi Safns I um 3% og Safns II um 4%. Einstaklingum er bent á að spyrja alla vörsluaðila séreignarsparnaðar nákvæmlega um þann kostnað sem þeir eru látnir bera. Einnig er nauðsynlegt að kynna sér vel hvernig staðið er að innheimtu löggjalda í séreign því mikilvægt er að hún sé í föstum skorðum.



Strandgata 3 • 600 Akureyri • Sími 460-4500 • Fax 460-4501
Tölvupóstur: ln@ln.is • Helmaskíða: www.ln.is